

varnaraðilja, Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, til skipta er ekki tekin til greina.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 4000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. október 1962.

Nr. 51/1962. **Hreppsnefnd Þverárhrepps**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Sigurði Norland (Jón Þorsteinsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjallskil.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn fyrir Hæstarétti, hefur skotið máli þessu til dómsins með stefnu 6. apríl 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 3.600.00 með 6% ársvöxtum af kr. 1650.00 frá 1. janúar 1959 til 1. janúar 1960 og af kr. 3600.00 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Fallast má á skilning héraðsdómara á reglugerðarákvæði því, sem um er að tefla, enda mundi ákvæðið, öðruvísi skýrt, ekki hafa stoð í lögum. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í Hæstarétti, er ákveðst kr. 4.000.00.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda í Hæstarétti, kr. 4000.00, greiðist úr rikissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Þverárhrepps, greiði stefnda, Sigurði Norland, kr. 4000.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda í Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00, greiðist úr rikissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. september 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. þ. m., hefur hreppsnefnd Þverárhrepps, Vestur-Húnavatnssýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. desember 1960, eftir að málið hafði verið lagt fyrir sáttanefnd með sáttakæru, birtri 2. des. s. á., gegn séra Sigurði Norland, Þórsgötu 8 hér í borg, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 3.715.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 2. janúar 1960 til 22. febrúar 1960 og 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Undir rekstri málsins hefur stefnandi breytt kröfum sínum á þann veg, að hann krefst nú þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 3.600.00 með 6% ársvöxtum af kr. 1.650.00 frá 1. janúar 1959 til 1. janúar 1960 og af kr. 3.600.00 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar að skaðlausu, en til vara, að honum verði aðeins gert að greiða kr. 1.950.00.

Málavextir eru þessir:

Árið 1958, nánar tiltekið 12. júlí, flutti séra Sigurður Norland í Hindisvík í Þverárhreppi í Vestur-Húnavatnssýslu heimilisfang sitt til Reykjavíkur. Hann rak þó áfram búskap á eignarjörð sinni, Hindisvík. Virðist hann einkum hafa haft hrossarækt með höndum. Eftir að stefndi flutti heimilisfang sitt til Reykjavíkur, taldi hreppsnefnd Þverárhrepps sig hafa fulla heimild til að leggja á stefnda auka-afréttartoll fyrir hvert hross, sem stefndi rak á afrétt. Byggði hreppsnefndin þetta á 13. gr. fjall-

skilareglugerðar sýslunnar, nr. 121/1940, eins og henni hafði verið breytt með reglugerð nr. 141/1952. Er ákvæði þetta svolíjóðandi:

„Hreppsnefndir skulu taka afréttartoll, allt að kr. 50.00, auk fjallskila af hrossum í héraðinu, sem eru eign manna, búsettra utan þess.“

Vorið 1958 rak stefndi 33 hross á afrétt, og vorið 1959 rak hann 39 hross upp. Lagði hreppsnefndin 50 króna aukaafréttartoll á hvert hross fyrir hvort ár og krafði stefnanda um tollinn, sem sundurliðast þannig:

Afréttartollur af 33 hrossum árið 1958 .. kr. 1.650.00

Afréttartollur af 39 hrossum árið 1959 .. — 1.950.00

Kr. 3.600.00

Stefndi neitaði að greiða toll þennan. Með bréfi, dagsettu 8. marz 1959, sneri oddviti Þverárhrepps sér til sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu og leitaði umsagnar sýslunefndarinnar um réttmæti kröfu þessarar. Tók sýslunefndin málið fyrir þann 13. apríl 1959. Í aðalfundargerð nefndarinnar er eftirfarandi bókun skráð um málið:

„Á aðalfundi 1952 var gerð svofelld breyting á fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu: „Hreppsnefndir skulu taka afréttartoll, allt að kr. 50.00, auk fjallskila, af hrossum í héraðinu, sem eru eign manna, búsettra utan þess.“ Samkvæmt orðalagi breytingarinnar er það að vísu rétt, að hún virðist taka til allra hrossaeigenda utan héraðsins. Hins vegar er það víst, að sýslunefndarmenn þeir, er breytinguna samþykktu og allir eru þeir sömu og nú, að einum undanskildum, höfðu í huga hrossaeigendur, er skilið hefðu eftir hross í héraðinu, að meira eða minna leyti í reiðuleysi í þeirri von, að þau gætu bjargað sér sjálf á útigangi í högum annarra manna, en búast mátti við, að hrossin lentu í algjörðu bjargarleysi, ef harðindi bæri að höndum, og flestir búendur hefðu nóg með sinn fénað. Hér er um að ræða mann, sem hefur umráð 2ja jarða og rekur búskap á þeim, en réttur til upprekstrar á afrétti sýslunnar hefur verið og er fyrst og fremst til nytja fyrir búendur héraðsins gegn fjallskilagjaldi því, er gildir á hverjum tíma. Og þar sem hér er um búandi mann að ræða, þykir einsýnt, að hann njóti sömu réttinda sem búendur héraðsins almennt, en af því leiðir, að sýslunefnd telur ekki fært að taka aukaafréttartoll af hross-

um Sigurðar Norlands, búanda í Hindisvík, enda þótt hann nú hafi flutt heimilisfang sitt til Reykjavíkur.“

Eftir nokkrar umræður var tillagan borin upp og samþykkt með 6:2 atkvæðum.“

Ekki vildi hreppsnefnd Þverárhrepps fara eftir þessari samþykkt sýslunefndarinnar og lagði aftur á stefnda nefndan toll vegna þeirra 39 hrossa, sem hann rak á afrétt 1959, eins og áður er getið. Eftir þessa samþykkt sýslunefndar var stefndi enn ófúsari að greiða tollinn. Höfðaði hreppsnefndin þá mál þetta.

Telur hreppsnefndin, að þrátt fyrir samþykkt sýslunefndarinnar standi hið skýlausa ákvæði um greiðslu tollsins óhaggað, þar sem rétttra formsatriði hafi verið gætt við setningu þess. Þannig hafi það í upphafi verið samþykkt af sýslunefndinni og því næst lagt fyrir landbúnaðarráðherra, sem hafi samþykkt ákvæðið athugasemdalaust. Sé þetta í samræmi við sveitarstjórnarlögin. Þá telur hreppsnefndin, að stefndi hafi raunverulega viðurkennt skuldina, þar sem hann hafi talið tollinn fram til frádráttar á landbúnaðarskýrslu sinni í skattframtali.

Sýknukröfur sínar styður stefndi í fyrsta lagi þeim rökum, að það sé algerlega andstætt lögum að leggja á stefnda toll þennan eða skatt, á meðan hann rekur bú á eignarjörð sinni, Hindisvík. Jörðinni fylgi eigna- og afnotaréttur í sameiginlegu upprekstrarlandi hreppsins. Hann hafi skilvíslega greitt hið venjulega fjallskilagjald, sem varið sé til að smala afréttinn. Frekari fjallskilagjöld eða afréttartoll sé honum því óskýlt að greiða. Aukaafréttartollur sá, sem hann sé krafinn um, eigi heldur enga stoð 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12/1927. Í öðru lagi telur stefndi, að réttur skilningur á nefndu reglugerðarákvæði leiði til þess, að hann eigi ekki að greiða tollinn. Tilgangur þeirra, sem settu ákvæði þetta, var sá, sem í samþykkt sýslunefndar kemur fram, að leggja tollinn á utanhéraðsmenn, er ekki hefðu landsnytjar í héraðinu, en skilið hefðu eftir hross sín að meira eða minna í reiðuleysi. Í núverandi fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 148/1960, 10. gr., sé ákvæði þetta orðað eins og upphaflega hafi staðið til, en þar stendur: „..... afréttartoll af hrossum í upprekstrarfélaginu, sem eru eign manna, búsettra utan þess, og ekki hafa þar landsnytjar.“ Í þriðja lagi telur stefndi, að hreppsnefndinni hafi verið með öllu óheimilt að innheimta tollinn af stefnda, eftir að sýslunefnd hafði kveðið upp úrskurð sinn. Samkvæmt 38. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12/1927 hafi sýslunefnd yfirstjórn sveitar-

málefna í öllum hreppum sýslunnar og í nefndri lagagrein sé einnig svofellt ákvæði: „Ef sýslunefnd virðist, að hreppsnefnd hafi látið greiða ólögmæt gjöld eða leitt hjá sér að framkvæma einhverja ráðstöfun, sem hún er skyld til og ekki fellur undir 30. gr., eða að hún hafi á annan hátt farið fram yfir það, sem hún hefur vald til, skal sýslunefndin sjá um, að þessu sé kippt í lag,“ Með fyrrgreindu bréfi sínu hafi hreppsnefndin leit- að umsagnar sýslunefndarinnar. Í samþykkt sýslunefndar felist fyriræli til hreppsnefndarinnar um að innheimta ekki tollinn. Hreppsnefndinni, lægra settu stjórnvaldi, hafi borið að fara eftir þessum fyriræli sýslunefndarinnar, sem er æðra sett stjórn- vald, fyrst hreppsnefndin gerði ekki tilraun til að skjóta úr- skurði sýslunefndarinnar til ráðherra. Að lokum hefur stefndi haldið því fram, að stefnandi sé ekki einn aðili þessa máls. Ef tollur þessi eigi rétt á sér, þá séu það að minnsta kosti tvö hreppsfélög, Þverárhreppur og Kirkjuhvammshreppur, sem eigi aðild að málssókn þessari, þar sem þau séu sameigendur að af- rétti þeim, sem hross stefnda gengu á. Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum, að hann hafi verið búinn að reka hross sín á afrétt vorið 1958, áður en hann flutti heimilisfang sitt til Reykjavíkur.

Af hálfu stefnanda hefur varnarástæðum stefnda verið mót- mælt sem röngum.

Ekki verður fallið á það með stefnanda, að bein viðurkenn- ing af hálfu stefnda á greiðsluskyldu hans á tollinum liggi í því, að hann taldi hann fram til frádráttar á skattskýrslu sinni fyrir árið 1958.

Sá skilningur, sem stefnandi vill leggja í nefnt reglugerðar- ákvæði og nærtækastur virðist samkvæmt orðalaginu, brýt- ur í bág við aldagamla venju um fjallskilagjöld. Þegar virt er samþykkt sýslunefndarinnar um tilgang ákvæðisins, virðist eðli- legast að skýra reglugerðarákvæðið þannig, þrátt fyrir orða- lagið, að það nái til þeirra utanhéraðsmanna, sem ekki hafa búrekstur eða aðrar landsnytjar í héraðinu. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda, sem rak búskap á eignarjörð sinni, Hindisvík, á þeim tíma, sem hér skiptir máli, af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, séra Sigurður Norland, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, hreppsnefndar Þverárhrepps, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 17. október 1962.

Nr. 125/1962. **Helgi Benediktsson**

gegn

Stjórn Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja, þeim Ársæli Sveinssyni, Karli S. Guðmundssyni, Jónasi Jónssyni, Jóni Í. Sigurðssyni og Sighvati Bjarnasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Synjað um sakasamlag fyrir héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. september 1962, er barst Hæstarétti 24. s. m. Hann krefst þess, að mál, er hann höfðaði gegn varnaraðiljum með stefnu 3. apríl 1962, verði sameinað sök þeirra á hendur honum samkvæmt stefnu 7. desember 1961, eins og greinir í úrskurði héraðsdómara, og svo að varnaraðiljum verði in solidum dæmt að greiða honum kærumsálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast þess, að staðfest verði ályktarorð hins kærða úrskurðar um, að þar greindar sakir verði eigi sameinaðar, og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumsálskostnað.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar og meginreglna laga nr. 85/1936 um greiða málsmeðferð eru eigi efni til að taka til greina kröfu sóknaraðilja um sakasamlag.